

Svar við fyrirspurn

Til: Borgarráðs

Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Aðkeypt þjónusta við verktaka á skóla- og frístundasviði

Óskað hefur verið eftir svari fjármála- og áhættustýringarsviðs við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands, sem barst þann 29. apríl sl., um aðkeypta þjónustu af til verktökum á skóla- og frístundasviði. Fyrirspurnin er eftirfarandi:

„Í svari við fyrirspurn Miðflokksins um greiðslur til verktaka og fjölda þeirra hjá sviðum borgarinnar og ráðhúsi kemur fram að á „Á skóla- og frístundasviði var keypt ýmis þjónusta af verktökum, stórum sem smáum á árinu 2020, hvort tveggja frá einstaklingum og fyrirtækjum. Enginn þeirra er þó í 100% verktakavinnu fyrir SFS né með starfsaðstöðu á starfsstöðvum sviðsins eða notar tól og tæki í eigu Reykjavíkurborgar.“ Fulltrúi Sósíalistasflokks Íslands óskar eftir því að fá nánari upplýsingar um þá aðkeypta þjónustu. Hvaða verkefni er verið að tala um? Fellur hluti af rekstri skólamötuneyta undir þetta, líkt og aðkeyptur matur í mötuneytin?“

Svar:

Fjármála- og áhættustýringarsvið leitaði upplýsinga við fyrirspurninni hjá skóla- og frístundasviði og má sjá í eftirfarandi svari.

Í svari til áheyrnarfulltrúa Miðflokksins frá 29. apríl sl. um greiðslur til verktaka og fjölda þeirra hjá sviðum borgarinnar og ráðhúsi árið 2020 kemur fram að greiðslur til verktaka sem unnu fyrir SFS voru 5.711.718.921kr. á árinu 2020. Jafnframt fylgir í svarinu listi yfir þá bókhaldslykla sem falla undir skilgreininguna um verktakagreiðslur. Aðkeyptur matur í mötuneyti er ekki hluti af verktakagreiðslum þar sem launaliður starfsmanns verktaka er mjög lítill hluti af kostnaði. Kostnaður er fyrst og fremst elduð matvæli fyrir börn og nemendur. Stærsti hluti verktakagreiðslna eru framlög til sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla auk tónlistarskóla. Að öðru leyti er vísa til áður nefnds lista bókhaldslykla sem falla undir skilgreininguna um verktakagreiðslur.

Meðfylgjandi svar inniheldur þannig sömu upplýsingar og fyrirspurn fulltrúa áheyrnarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands fjallar um.



Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.

Svar við fyrirspurn

Efni: Greiðslur til verktaka og fjölda þeirra hjá sviðum borgarinnar og ráðhúsi árið 2020
Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Vísaði er til framhaldsfyrirspurnar áheyrnarfulltrúa Miðflokksins frá 29. apríl 2021 um greiðslur til verktaka og fjölda þeirra hjá sviðum borgarinnar og ráðhúsi árið 2020. Fyrirspurnin er eftirfarandi:

„1. Hvað eru margir verktakar á fjármála- og áhættustýringarsviði og hvað voru greiðslurnar til þeirra tæmandi talið árið 2020? 2. Hvað eru margir verktakar á íþrótt- og tómstundasviði og hvað voru greiðslurnar til þeirra tæmandi talið árið 2020? 3. Hvað eru margir verktakar á skóla- og frístundasviði og hvað voru greiðslurnar til þeirra tæmandi talið árið 2020? 4. Hvað eru margir verktakar á þjónustu- og nýsköpunarsviði og hvað voru greiðslurnar til þeirra tæmandi talið árið 2020? 5. Hvað eru margir verktakar á skrifstofum Ráðhússins og hvað voru greiðslurnar til þeirra tæmandi talið árið 2020?“

Fyrirspurninni er svarað samkvæmt gögnum bókhalds Reykjavíkurborgar. Verktakar eru ekki skilgreindir sérstaklega í bókhaldi borgarinnar en hugtakið verktakagreiðslur nær yfir mengi gjaldalykla vegna þjónustukaupa, sem eru merktir sérstakri skattmerkingu og eru þær greiðslur færðar á launamiða í lok árs og gefnar upp til skatts.

Til að fá fjárhæð greiðslna var tekinn allur kostnaður sem er með launamiðamerkingu/ skattmerkingu nr. 6 „Verktakagreiðslur“ á árinu 2020 að viðbættum virðisaukaskatti þar sem það á við.

Til þess að ná yfir alla þætti fyrirspurnarinnar var notast við eftirfarandi afmörkun:

- Aðalsjóður Reykjavíkurborgar (RK)
- Skipulagseining 5 (SFS, ITR, FÁST, ÞON, RHS, MOS og ÖNN)
- Lykill 5000 og hærra
- Skattmerking = 6
- Tímabil 202001 - 202012

Niðurstaðan gaf 32.331 línur þar sem bókfærð fjárhæð er kr. 7.714.851.491,- en greiðslur eru samtals kr. 8.135.788.968 kr. (með vsk).

| Svið | Fjárhæð | Fjöldi pr. svið | |
|----------------|-----------------------------------|----------------------|--------------|
| FÁST | Fjármála- og áhættustýringarsvið | 27.040.025 | 73 |
| ITR | Íþrótt- og tómstundasvið | 1.125.826.628 | 204 |
| MOS | Mannauðs- og starfsþróunarsvið | 11.761.751 | 8 |
| RHS | Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu | 85.474.067 | 40 |
| SFS | Skóla- og frístundasvið | 5.711.718.921 | 1.177 |
| ÞON | Þjónustu- og nýsköpunarsvið | 838.603.327 | 214 |
| ÖNN | Sameiginlegur kostnaður | 335.364.249 | 77 |
| Samtals | | 8.135.788.968 | 1.793 |

Eftirtaldir lykklar komu upp í fyrirspurn og falla undir skilgreininguna um verktakagreiðslur:

| Lykill | Lykill(Heiti) |
|--------|--|
| 5410 | Leigubílar |
| 5411 | Bíla-leigubílar |
| 5412 | Akstur í dagvist og aksturþj. í heimaþj. og skólum |
| 5414 | Hópfærðabílar |
| 5417 | Sendibílar - vöruflutningar |
| 5420 | Viðskipta-, hag-, lögfræðingar |
| 5421 | Endurskoðendur og rekstrarráðgjafar |
| 5422 | Verkfræðingar og tæknifræðingar |
| 5423 | Arkitektar, land- og skipulagsfræðingar |
| 5424 | Læknar, hjúkrunarfræðingar og sjúkraþjálfarar |
| 5425 | Sálfræðingar, félagsfræðingar o.fl. |
| 5426 | Listafólk |
| 5429 | Túlkþjónusta |
| 5433 | Tölvu- og hugbúnaðarþjónusta |
| 5434 | Rannsóknarstofur |
| 5437 | Öryggisvarsla |
| 5438 | Eftirlit sérfræðinga |
| 5439 | Önnur sérfræðiþjónusta |
| 5440 | Ræsting/hreingerning - innanhúss |
| 5441 | Hreingerningar - utanhúss |
| 5442 | Þvottahús og efnalaugar |
| 5450 | Snjómokstur |
| 5454 | Sorphirða og gámaþjónusta |
| 5455 | Móttöku- og eyðingargjöld |
| 5462 | Innheimtulaun og innheimtuþóknun |
| 5470 | Auglýsingagerð |
| 5472 | Ljósmyndun, myndbanda- og kvikmyndagerð |
| 5474 | Kynningarstarfsemi |
| 5475 | Upplýsingaöflun (skoðanakannanir) |
| 5484 | Vistunarþjónusta |
| 5490 | Prentun, fjölrítun, bókband, ljósritun og skönnun |
| 5494 | Plöstun bóka |
| 5505 | Afnot af skráarsöfnum og lénum |
| 5506 | Afnotagjöld af búnaði |
| 5510 | Lóða- og landsréttindaleiga |
| 5511 | Húsaleiga gjöld |
| 5512 | Vinnubúðleiga og færánleg útináðhús (WC) |
| 5513 | Áhalda- og verkfæraleiga + verkpallar og mót |
| 5516 | Leiga á skrifstofubúnaði |
| 5524 | Vörubílar, dráttarbílar, festivagnar |
| 5525 | Véla- og tækjaleiga, vélavinna |
| 5526 | Innri leiga - bifreiðar |
| 5533 | Listmunaleiga |
| 5550 | Viðhald véla, bifreiða og báta |
| 5552 | Viðhald og endurnýjun tölvubúnaðar |
| 5553 | Viðhalds- og þjónustusamningur |
| 5554 | Viðhald skrifstofuvéla, áhalda og innanstokksmuna |
| 5558 | Önnur aðkeypt vinna |
| 5559 | Minniháttar viðhald fasteigna |
| 5599 | Kostnaðarhlutdeild í sameiginlegum rekstri |
| 5620 | Einkareknir grunn- og leikskólar |
| 5621 | Ferðaþjónusta fatlaðra/aldraðra |
| 5640 | Tónlistarskólar |
| 5710 | Fundargjöld |
| 5711 | Ráðstefnur, námskeið og skólagjöld |
| 5737 | Niðurgreidd dagvistunargjöld |
| 8805 | Sérfræðiþjónusta |
| 8806 | Sérfræðiþjónusta - tölvubúnaður |
| 8815 | Annar kostnaður |

Halldóra Káradóttir
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs